

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 384/1990. **Kristín Kjartansdóttir**

gegn

Ásgeiri Thoroddsen,
Byggingarsjóði ríkisins,
dánarbúi Magnúsar Fr. Árnasonar,
dánarbúi Sigurðar Ármanns Magnússonar,
Ferðapjónustunni hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Lífeyrissjóði Sóknar,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Ólafi Grímssyni,
Páli H. Pálssyni og
Tryggingastofnun ríkisins.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega, og hefur sóknaraðili flutt mál sitt sjálf.

Hinn 9. júní 1992 lést varnaraðilinn Magnús Fr. Árnason, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins.

Sóknaraðili krefst þess, að „uppboðsgerð sú, er fram fór hinn 26. september 1990 á eignarhluta mínum í húseigninni Mímisvegi 4 í Reykjavík, þ. e. neðri hæð hússins m. m., verði dæmd ógild og ómerk jafnhliða því, sem uppboðsmálinu verði vísað frá uppboðsréttinum“.

Af hálfu varnaraðilanna Ásgeirs Thoroddsen og Lífeyrissjóðs Sóknar er krafist staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumáls-kostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins, dánarbús Sigurðar Ármanns Magnússonar, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið kærða uppboð verði staðfest. Krafist er kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti greinargerðir í málinu. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 8. mars 1990 var tekin fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur krafa varnaraðilans Ásgeirs Thoroddsen um nauðungarsölu á framangreindri eign sóknaraðila. Jafnframt voru þá lagðar fram fleiri uppboðsbeiðnir. Ákveðin var sala á eigninni 23. maí 1990. Í þinghaldi þann dag fór fram sölutilraun, en málinu var frestað til 31. ágúst s. á. Þá fór fram annað og síðara uppboð. Að lokinni sölutilraun í því þinghaldi var málinu frestað til 26. september s. á., og fór þá fram þriðja og síðasta uppboð. Allmörg boð voru þá gerð í eignina, og var hið hæsta frá Sonju Egilsdóttur, að fjárhæð 9.250.000 krónur.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að uppboðsbeiðni varnaraðilans Ásgeirs Thoroddsen sé vanreifuð, þar sem hún beri ekki með sér, hvernig krafa hans er til komin. Þá sé vaxtareikningur ófullkominn, og sundurliðaðan reikning vanti að baki málskostnaðar-kröfu. Hið sama eigi við að meira eða minna leyti um aðrar uppboðsbeiðnir í málinu. Málið í heild sé því vanreifað.

Jón Gunnar Sæmundsson mætti í málinu fyrir Hæstarétti sem eiginmaður sóknaraðila, er mál þetta var þingfest þar 3. desember 1990, svo og við síðari fyrirtökur málsins, en því var frestað til munnlegs málflutnings í maí 1991. Hann hafði og mætt í uppboðsrétti nema í fyrsta þinghaldi, en þá var ekki mætt af hálfu sóknaraðila (uppboðspola).

Krafa sumra varnaraðila um frávisun málsins frá Hæstarétti er rökstudd með skírskotun til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Er jafnframt vitnað til bréfs Friðgeirs Björnssonar, þáverandi yfirborgardómara í Reykjavík, dags. 16. apríl 1991, en þar er staðfest, að sóknaraðili og Jón Gunnar Sæmundsson hafi fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng 20. febrúar 1991. Í yfirlýsingu þeirra, dags. 2. maí 1991, segir, að þrátt fyrir skilnaðarleyfið búi þau enn saman sem hjón.

Eigi verður talið, að slíkir lagaannmarkar hafi verið á því, eins og hér stóð á, að Jón Gunnar Sæmundsson sækti þing í málinu af hálfu sóknaraðila, að varða eigi frávísun málsins frá Hæstarétti.

Af hálfu sóknaraðila var engum athugasemdum hreyft við kröfugerð eða málalíbúnaði í héraði. Eiginmaður sóknaraðila sótti þing, og kemur fram í endurriti úr uppboðsbók, að uppboðshaldari hafi rækt leiðbeiningarskyldu gagnvart honum. Sóknaraðili hefur og engin haldbær rök fært fram til stuðnings kröfu sinni hér fyrir dómi. Áfrýjun málsins var því ófyrirsynju og bersýnilega til hennar stofnað í þeim tilgangi einum, að málalok drægjust á langinn. Ber að átelja þetta harðlega.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hið kærða uppboð.

Eftir atvikum er rétt, að sóknaraðili greiði þeim varnaraðilum, sem tilgreindir eru í dómsorði, kærumálaskostnað fyrir Hæstarétti, eins og þar greinir.

D ó m s o r ð:

Sala framangreinds eignarhluta sóknaraðila, Kristínar Kjartansdóttur, í fasteigninni Mímisvegi 4 í Reykjavík á þriðja og síðasta uppboði, er fram fór 26. september 1990, á að vera óröskuð.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Ásgeiri Thoroddsen, Byggingarsjóði ríkisins, dánarbúi Sigurðar Ármanns Magússonar, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Íslandsbanka hf. og Lífeyrissjóði Sóknar 25.000 krónur hverjum í kærumálaskostnað fyrir Hæstarétti.